



## Umsögn Akureyrarbæjar um drög að reglugerð um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum

### Almennt

Markmið með reglugerðinni virðast ekki skýr eða í samræmi við reglugerðarheimildina. Fyrir vikið eru ákvæði sem varða meginefni reglugerðarinnar skv. 17. grein laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, þ.e. starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum, fremur óljós. Ekki alltaf augljóst samræmi milli yfirskrifta greina og innihalds þeirra.

### Um einstakar greinar

Reglugerðin byggir á heimild í 17. grein laga nr. 38/2018 um um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir þar sem segir: „*Ráðherra setur reglugerð um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök fatlaðs fólks*“. Reglugerðinni samkvæmt lagatextanum ætlað að fjalla um starfsemi og aðbúnað, en fjallar samkvæmt 1. gr. um réttindi til þjónustu. Ósamræmis gætir því á milli orðalags reglugerðarheimildarinnar í lögunum og skilgreiningarinnar á gildissviði reglugerðarinnar í fyrstu grein.

Í 2. mgr. 1. greinar er fjallað um heimild til að veita fullorðnu fólki skammtímaþjónustu og í 2. mgr. 2. gr. er kveðið á um skyldu til að veita fullorðnum þjónustu við ákveðnar aðstæður. Þarna gætir misræmis. Í lögunum er orðalagið „heimilt er“ notað og því rétt að það sé endurspeglað í reglugerðartextanum.

Skilgreining markmiða í 2. grein er óljós og í litlu samræmi við texta reglugerðarheimildarinnar í 17. grein laganna.

Í 1. tl. 3. greinar er skilgreining á hugtakinu „aðgengi fyrir alla“ sem ekki kemur fyrir annarsstaðar í reglugerðinni. Skilgreiningin er því óþörf.

Í 4. gr. um mat á þjónustuþörf stendur: „*Þegar sótt er um skammtímadvöl skal þjónustuaðili ganga úr skugga um að dvölin samræmist ákvæðum 13. greinar laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi þjónustuparfir*“. Vísun í 13. grein laganna ætti betur við í greinum um innihald þjónustunnar, t.d. 5. grein, en í grein um mat á þjónustuþörf. Greinin gefur ekki mikið til kynna um hvernig staðið skuli að mati á þjónustuþörf og til hvaða þátta horft skuli til við matið eins og ætla mætti af yfirskrift hennar, ef frá er talið ákvæði um endurmat á 12 mánaða fresti.

Í 5. gr. um gæði þjónustunnar væri viðeigandi að vísa í 13. gr. laganna, t.d. með setningunni „*Rekstraraðili skammtímadvalar skal tryggja að þjónustan uppfylli ákvæði 13. gr. laga nr. 38/2018 og að aðstæður og viðmót miðist við aldur þeirra sem þar dvelja á hverjum tíma*“ (sjá athugasemd við 4. gr.).

Í 8. gr. er kveðið á um að fjöldi dvalargesta skuli aldrei vera meiri en 6 hverju sinni. Ekki verður séð að fjöldi dvalargesta sé ráðandi fyrir gæði þjónustunnar ef húsnæði og mönnun tekur mið af þeim fjölda notenda sem eru í húsinu. Nær væri að skilgreina rýmisþörf á hvern notanda. Ákvæðið er verulega íþyngjandi fyrir þjónustuaðila og myndi kalla á fjölgun starfsstöðva á Akureyri með verulegu rekstrarlegu óhagræði, án sýnilegs ávinnings fyrir notendur.

Í 9. gr. um kostnaðarpáttöku er ekki gert ráð fyrir innheimtu fæðisgjalds af foreldrum/forsjáradílum barna í skammtímadvöl. Eðlilegt væri að setja ákvæði sem tryggja að fæðiskostnaður vegna barna í skammtímadvöl sé hóflegur og í samræmi við þann kostnað sem foreldrar barna sem ekki njóta þjónustunnar bera í stað þess að leggja bann við gjaldtöku.

Í greinum 10 til 13 (ath. 11. grein vantar), er fjallað um ábyrgð sveitarfélags á starfsmannahaldi, aðbúnaði og þjónustu á skammtímadvalarstöðum og jafnframt að sveitarfélagið beri ábyrgð á eftirliti með þessum þáttum. Tekið er fram að sveitarfélag beri umrædda ábyrgð óháð því hvort um er að ræða starfsemi sem rekin er af sveitarfélaginu eða á vegum „*annara aðila sem fengið hafa starfsleyfi til að veita slíka þjónustu*“.



Þegar um er að ræða þjónustu á vegum aðila með starfsleyfi frá ráðuneytinu verður að gera ráð fyrir að ráðuneytið, sem útgefandi starfsleyfis og handhafi valdheimilda til afturköllunar þess, beri ríkar skyldur til eftirlits með því að skilyrðum starfsleyfis sé fylgt. Þeirri eftirlitsskyldu er ekki hægt að varpa á það sveitarfélag sem starfsleyfishafi starfar í.

Ákvæði um ábyrgð á þjónustu eiga vel við þegar um er að ræða starfsemi sem rekin er á vegum sveitarfélags. Jafnframt er eðlilegt að gera ráð fyrir að sveitarfélag hafi eftirlit með gæðum þjónustu sem það kaupir af öðrum fyrir íbúa sína. Sveitarfélag hefur hins vegar ekki úrræði til að fara fram á úrbætur aðrar en þær sem kveðið er á um í samningum við handhafa starfsleyfis þegar um það er að ræða. Mögulegt er að fleiri aðilar kaupir umrædda þjónustu af hinum starfsleyfissskylda aðila og vart hægt að gera sveitarfélagið ábyrgt fyrir innihaldi og gæðum þjónustu í slíkum tilfellum. Þannig getur sveitarfélag ekki beitt sér gagnvart aðila sem starfar innan marka þess en selur öðru sveitarfélagi þjónustu.

Í niðurlagi 10. greinar er áréttað að „Við ráðningu í starf á vegum sveitarfélags á skammtímadvalarstað skv. reglugerð þessari ber m.a. að taka við af ákvæðum VI. kafla laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir“. Ákvæði umrædds lagakafla eru skýr og því vandséð að þörf sé á áréttuninni. Verði áréttingin látin standa í reglugerðinni er lagt til að orðin „á vegum sveitarfélags“ verði felld út úr setningunni þar sem ákvæði laganna eiga við um alla skammtímadvalarstaði óháð rekstraraðila.

Akureyri 14.8.2018  
F.h. Akureyrarbæjar

Jón Hrói Finnsson,  
sviðsstjóri búsetusviðs